



SVEITARFÉLAGIÐ
ÖLFUS

RÁÐHÚSI ÖLFUSS · HAFNARBERGI 1 · 815 PORLÁKSHÖFN · SÍMI 480 3800 · FAX 480 3801

Alþingi
Erindi nr. P 141/131
komudagur 16.10.2012

Alþingi
Nefndasvið,
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Porlákshöfn, 11. október 2012
nr. erindis 1210004 ÓÓÓ

Efni: Ósk um umsögn, rammaáætlun.

Bæjarstjórn Ölfuss tók fyrir ósk yðar um umsögn um þingmál 89, vernd og orkunýting landsvæða (rammaáætlun) á fundi sínum fimmtudaginn 4. Okt. s.l. og bókaði eftirfarandi,

"Bæjarstjórn Ölfuss mótmælir harðlega að skipulagsvald sveitarfélaga verði skert með því að færa skipulagsvald sveitarfélaga sem viðkemur orkunýtingarkostum yfir til ríkisvaldsins en lögum samkvæmt þá er verndar- og orkunýtingaráætlun bindandi við gerð skipulagsáætlana.


Þá telur bæjarstjórn Ölfuss að með hliðsjón af sjálfbærri þróun beri að nýta orku í þágu þess landsvæðis sem hún er upprunnin frá.

Þá vill bæjarstjórn Ölfuss gera athugasemd við flokkun nokkurra virkjanakosta, það er að Innstidalur (73), Þverárdalur (75) og Ölfusdalur (76) verði settir í verndarflokk í stað biðflokks.

Þá telur bæjarstjórn að ekki liggi fyrir nægar rannsóknir og upplýsingar sem réttlæti flokkun Meitilsins (69) í orkunýtingarflokk sem ætti þar af leiðandi að vera í biðflokki".

Tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,


Ólafur Örn Ólafsson
Bæjarstjóri

ÖLFUS